Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, 29. október 2018

Varðar: **Drög um frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála, mál nr. S-172/2018**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands telur afar brýnt að stofnað verði til starfs samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs með það að markmiði að gera íþrótta- og æskulýðsstarf að öruggu umhverfi þar sem börn og fullorðnir, óháð kyni eða stöðu að öðru leyti, geta stundað íþróttir eða tómstundir í öruggu umhverfi. Ekki síður til að sömu aðilar geti leitað sér aðstoðar eða réttar síns hjá hlutlausum fagaðila vegna atvika sem upp koma innan vébanda íþrótta- og æskulýðssamtakanna í landinu.

Með tilliti til þeirra frásagna sem fram komu í yfirlýsingum íþróttakvenna í janúar síðastliðnum þá er full ástæða til að gera ráðstafanir af þessu tagi og leita allra leiða til úrbóta í hreyfingunni, sem og samfélaginu öllu.

Mikilvægur þáttur í starfi samskiptaráðgjafa er upplýsingasöfnun um fjölda atvika og tilkynninga sem íþróttahreyfingin telur afar mikilvægt að halda utan um til að mæla umfang og eðli vandans, með frekari úrbætur og lausnir í huga.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands telur að með því að hafa samskiptaráðgjafa um íþrótta- og æskulýðsmál á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis skapist ákveðið hlutleysi og traust, hafið yfir hagsmunagæslu og tengsl sem þolandi gæti óttast við afgreiðslu tilkynninga um óæskilega hegðun eða atvik.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands leggur áherslu á að fjármagn til verkefnisins verði tryggt svo unnt verði að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllst,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

Arion banki ICELANDAIR SJÓVÁ TOYOTA VALITOR